

Zik Zak eignarhaldsfélag ehf.
kt. 481206 1030
Fiskislóð 45M
101 Reykjavík
bt. Hannes Þór Arason
hannes@zikzak.is



UMHVERFISSTOFNUN

Ísafjörður 29. nóvember 2016
UST201611-172/J.S.J.
09.06.01

Efni: Umsókn um ljósmynda- og kvikmyndatöku – Friðlandið á Hornströndum

Umhverfisstofnun fékk nýverið upplýsingar um að ZikZak FilmWorks hafi staðið að ljósmynda- og kvikmyndatöku á Hesteyri við Hesteyrarfjörð, innan friðlandsins á Hornströndum án þess að gæta þess að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar.

Hornstrandir eru friðland skv. auglýsingu um friðland á Hornströndum, nr. 332/1985 í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt auglýsingunni er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmynjum og mannvirkjum. Jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Hesteyrarþorpið er einn helsti vitnisburður þorpsmyndunar innan friðlandsins á Hornströndum. Hesteyri fékk löggildingu sem verslunarstaður árið 1881 og þjónaði íbúum fram til ársins 1952. Á Stekkeyri eru minjar hvalstöðvar sem reist var árið 1894.

Þar sem ekki var leitað eftir leyfi Umhverfisstofnunar fyrir fyrrgreindum tókum nýverið, auk þess sem sami framkvæmdaraðili virti ekki skilyrði leyfisveitingar haustið 2015 við ljósmynda- og kvikmyndatöku innan friðlandsins á Hornströndum, vill stofnunin hér með koma á framfæri upplýsingum varðandi reglur og verklag þegar kemur að ljósmynda- og kvikmyndatöku innan friðlýstra svæða.

Leiðbeiningar með umsókn um ljósmynda- og kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Hægt er að nálagast umsókn um ljósmynda- og kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum á vefsvæði Umhverfisstofnunar (www.umhverfisstofnun.is) undir „Þjónustugátt – Mínar síður“. Í leiðbeiningum með umsókn kemur m.a. fram:

Heiti friðlýsts svæðis

Fullt nafn friðlýsta svæðisins þarf að koma fram. Tilgreina þarf ef um fleiri en eina staðsetningu er að ræða innan þess. Tímasetningar og tímalengdir eiga við um hverja staðsetningu.

Ef um er að ræða verkefni sem tekur meira en einn dag með undirbúningi, tókum og frágangi þarf að tilgreina á hvaða tímabil þeir verkþættir fara fram.

Í þeim tilvikum þegar sótt er um leyfi til ljósmynda- eða kvikmyndatöku innan margra friðlýstra svæða skal umsækjandi skila inn einni umsókn vegna allra svæðanna og tiltaka öll þau svæði sem áætlað er að taka upp á.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi til ljósmynda- og kvikmyndatöku innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum er háð leyfi Þingvallarnefndar. Ljósmynda- og kvikmyndatökur innan Vatnajökulspjóðgarðs eru háðar leyfi þjóðgarðsvarðar Vatnajökulspjóðgarðs.

Umfang verkefnis

Tilgreina þarf fjölda starfsmanna sem kemur að tókum á svæðinu og hversu margir þeirra eru leikarar og statistar. Ef aðstaða fyrir starfsfólk er utan tókustaðar en þó innan hins friðlýsta svæðis þarf einnig að taka fram hversu margir þeirra verða á tókustaðnum og hversu margir halda sig á því svæði sem ætlað er starfsfólki. Ef um fleiri en einn tókustað er að ræða og fjöldi starfsmanna er mismunandi þarf að taka það fram. Hið sama á við hvað fjöldi leikara og statista á tókustöðum varðar, ef um fleiri en einn tókustað innan hins friðlýsta svæðis er að ræða.

Ef um uppsetningu tjaldbúða og salernisaðstöðu er að ræða, þarf slíkt að koma fram í umsókninni. Upplýsingar um staðsetningu tjaldbúða og salerna þarf að liggja fyrir, sem og hvernig umsækjandi hyggst fyrirbyggja rask og mengun vegna þess búnaðar.

Koma þarf fram hvort notast eigi við vélknúin tæki innan friðlýsta svæðisins. Tilgreina þarf fjölda og gerð tækja sé um slíkt að ræða.

Samkvæmt 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er akstur utan vega bannaður. Fram þarf að koma hvernig standa skal að flutningi inn á svæðið ef þess gerist þörf. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sækja um sérstakt leyfi til stofnunarinnar til aksturs utan vega vegna kvikmyndagerðar.

Fram þarf að koma hvort setja þurfi upp leikmynd og/eða notast við leikmuni, sem og umfang þeirra ef við á. Tilgreina þarf hvort notast eigi við efni sem geta haft skaðleg áhrif á náttúru svæðisins. Tiltaka skal hvort um verði að ræða hugsanlegt rask á jarðvegi, gróðri eða dýralífi vegna myndatökunnar. Ef verkefninu fylgir jarðrask eða mannvirkjagerð þarf að taka það fram, jafnvel þótt um tímabundna framkvæmd sé að ræða. Hér skal einnig tilgreina aðrar framkvæmdir sem farið verður í til að takmarka líkur á jarðraski og til hvaða ráða verður gripið til að lagfæra þær skemmdir sem hugsanlega verða vegna verkefnisins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að leyfi Matvælastofnunar þarf fyrir notkun dýra við kvikmyndatökur.

Takmörkun á umferð: Ef takmarka þarf aðgang almennings á meðan vinna við verkefni fer fram þá ber að taka það fram. Taka ber fram hversu lengi takmarkanir á aðgengi myndu vera í gildi.

Athuga ber að Umhverfisstofnun veitir ekki heimild fyrir því að svæðum sé lokað fyrir aðgengi almennings á meðan vinna við kvikmyndatökur og ljósmyndun fer fram. Sækja þarf um slíkt leyfi til lögreglu, Vegagerðar og landeigenda, allt eftir því hvers konar takmarkanir er um að ræða. Í þeim tilfellum sem ríkið er landeigandi er sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar eða þess ráðuneytis sem fer með umsjón landareigna ríkisins.

Lýsing og fylgigögn

Gott er að senda inn sem ítarlegastar upplýsingar um fyrirhugaðar myndatökur til að flýta fyrir afgreiðslu málsins. Fylgigögn geta t.a.m. verið kort og myndir af svæðinu þar sem búið er að merkja inn athafnarsvæðið, sem og ítarlegri lýsing á framkvæmdinni.

Umhverfisstofnun minnir á að sækja verður um leyfi til sveitarfélaga og landeigenda þar sem við á.


Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 61/2013. Gjald fyrir leyfi vegna kvikmyndagerðar og/eða myndatöku á friðlýstum svæðum er kr. 52.600, sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr.


535/2015. Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur framangreindu gjaldi er stofnuninni heimilt að innheima tímagjald fyrir umframvinnu. Ef Umhverfisstofnun veitir leyfi til aksturs utan vega skv. 24. gr. a samhliða leyfi til framkvæmdar innheimtir stofnunin einungis gjald fyrir leyfi til framkvæmdar.

Umhverfisstofnun hvetur framkvæmdaraðila til að vera ávallt með leyfi þar til bærri aðila fyrir ljósmynda- og kvikmyndatökum á friðlýstum svæðum. Stofnunin minnir á að við brot á reglum um friðlýsingar og laga um náttúruvernd geta verið viðurlög sbr. XV. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Auk framangreindra upplýsinga er meðfylgjandi til hliðsjónar útgefið leyfi Umhverfisstofnunar fyrir ljósmynda- og kvikmyndatöku innan friðlandsins á Hornströndum, útgefið 28. október 2015.

Virðingarfyllt


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur